

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigríður Svana Helgadóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. október 2016
2016100012/42-11
TB
tb

Gerð göngubrúar og bakkavarnir í friðlandinu í Svarfaðardal

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 14. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Náttúrusetursins á Húsabakka um leyfi til að byggja 50 metra langa og 90 sm breiða hengibrú, göngubrú, yfir Svarfaðadalsá sem tengja á saman gönguleiðir.

Í umsókn kemur fram að umsækjandi telur að ekki verði rask á landi þar sem bakkavarnir koma í veg fyrir frekara rask á stígum í friðlandinu. Að mati Náttúrufræðistofnunar verður auðvitað rask af framkvæmdinni og hún er ekki í eðli sýnu framkvæmd sem er sérstaklega til þess ætluð að viðhalda náttúrulegum aðstæðum í friðlandinu heldur er framkvæmdinni ætlað að bæta aðgengi og verja bakka fyrir frekari landbroti af völdum árinna. Ef bornar eru saman loftmyndir annars vegar frá 2008 og 2014 sést að áin hefur tekið nokkrum breytingum. Þó virðist hún ekki hafa breyst mikið þar sem brúin er fyrirhuguð. Engu að síður verður líklega að styrkja það svæði sem brúarstöplar verða en þetta virðist þurfa að skoða betur. Engar upplýsingar fylgja með erindinu um hvernig sú niðurstaða er fengin að fara þurfi í bakkavarnir á 100 metra kafla aðrar en þær að brotnað hefur af landinu sem er eðlilegt að gerist í árfarvegi. Verði farið í bakkavarnir á þessum kafla má gera ráð fyrir að það leiði til þess að áin fari að hegða sér öðruvísi og landbrot geti færst á önnur svæði. Eðlilegt hefði verið að fá álit sérfræðinga á sviði bakkavarna/fyrirhleðslna. Hafi það verið gert kemur það ekki fram í þeim gögnum sem Náttúrufræðistofnun hefur undir höndum.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki nákvæmar upplýsingar um líf í ánni og fuglalíf á bökkur hennar en brúarstæðið er utan við helstu votlendissvæði. Vetrarfuglatalningar fara fram á hverju ári við Hánefsstaðaskóg. Stofnunin telur ekki líklegt að framkvæmdir við brúna eða brúin sjálf hafi varanleg áhrif á fuglalíf eða dýralíf í ánni en telur þó rétt að framkvæmdir við brúna verði utan varptíma og hrigningartíma ef vinna þarf í sjálfri ánni.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að leggja gegn því að göngubrúin verði reist því ve á að vera hægt að reisa hana þannig að rask verði sem allra minnst ef frágangur og vinnubrögð eru góð. Stofnunin telur að gera verði betur grein fyrir bakkavörnum og fá álit sérfræðings í þeim málum til að forðast að breytingar á rennsli árinna valdi landbroti annarsstaðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar á að halda rennsli í ánni og árfarvegi hennar í



eins náttúrlegu ástandi og mögulegt er en í því felst einng að árfarvegur árinna geti tekið eðlilegum breytingum.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Trausti Baldursson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

